

Staðfesta ber framangreint löghald fyrir kröfum stefnanda á stefndu Berg Eydal, Jón og Kristmund Þorbjörn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af önnum.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu Bergur Eydal Vilhjálmsson, Jón Guðmundsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason greiði stefnanda, Einari Eiríkssyni, in solidum kr. 402.56 með 6% ársvöxtum frá 5. janúar 1951 til greiðsludags.

Stefndu Elías Steinsson og Kristján Gíslason greiði stefnanda in solidum kr. 423.31 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags.

Framangreind löghaldsgerð er staðfest fyrir kröfum stefnanda á stefndu Berg Eydal Vilhjálmsson, Jón Guðmundsson og Kristmund Þorbjörn Bjarnason.

Málskostnaður á að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. maí 1956.

Nr. 180/1954. Landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins (Hermann Jónasson)

gegn

Jóhönnu Sæmundsdóttur

(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ábúðarréttur. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar, gerir þær dómkröfur, að lögbannsgerð sú, er í hér-

aðsdómi greinir, verði staðfest og að viðurkennt verði lög-
mæti útbyggingar stefndu af jörðinni Holti í Dyrhólahreppi.
Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og
Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefnda krefst staðfestingar
hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að
mati dómsins.

Svo sem í héraðsdómi greinir, fluttust þau hjónin stefnda
og eiginmaður hennar, Þorsteinn heitinn Einarsson, frá leigu-
jörð sinni Holti að Nikhóli árið 1942, og má af gögnum málsins
ráða, að ástæðan til búferlaflutnings þeirra hafi m. a. verið
sú, að eftir að vegamálastjórnin hafði gert fyrirhleðslu í Haf-
ursá og veitt henni í ána Klifandi, hafði Hafursá gengið á
land Holts, og var jafnvel óttazt um, að hún mundi inniloka
bæinn. Þá er og í ljós leitt, að jarðarhús í Holti voru lítilfjör-
leg, er hér var komið. Hefur þáverandi umboðsmaður þjóð-
jarða í Dyrhólahreppi staðfest fyrir dómi, að umboðsstjórn
þjóðjarða hafi leyft Þorsteini heitnum og síðan ekkju hans,
stefndu í máli þessu, að halda byggingu á Holti þrátt fyrir
brottflutninginn. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti
til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði
stefndu málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeild-
ar ríkisins, greiði stefndu, Jóhönnu Sæmundsdóttur, kr.
2500.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur landbúnaðarráð-
herra f. h. jarðeignadeildar ríkisins höfðað fyrir bæjarþingi
Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 22. júlí f. á., gegn Jóhönnu
Sæmundsdóttur, Nikhóli í Mýrdal.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dagsettu 27. maí 1936, seldi Þorsteinn Einarsson
ríkissjóði eignar- og ábúðarjörð sína Holt í Dyrhólahreppi.

Jörð þessa hafði Þorsteinn keypt af foreldrum sínum árið 1907,

en áður höfðu foreldrar hans átt jörðina og búið á henni í áratugi. Höfðu þeir feðgar gert allmiklar jarðabætur á jörðinni. Ástæðan til þess, að Þorsteinn seldi ríkissjóði jörðina, var sú, að vegamálastjórnin hafði ákveðið að veita Hafursá í ána Klifandi og brúa síðan báðar árnar í einu lagi, en Pálmi Einarsson landnámsstjóri og fleiri sérfróðir menn töldu, að af breytingu á farvegi Hafursár mundu stafa slík landspjöll á jörðinni Holti, að hún myndi lítt eða ekki byggileg. Þegar Þorsteinn seldi, voru íveruhús jarðarinnar farin að ganga úr sér, og hafði hann viðað að sér nokkru byggingarefni (sandi og möl) og ráðið smið til að vinna við byggingu íbúðarhúss á jörðinni, en af framkvæmdum varð ekki vegna átælaðra landspjalla.

Með byggingarbréfi, dagsettu 10. september 1936, byggði ríkissjóður Þorsteini jörðina til ævilangrar ábúðar frá fardögum 1936 að telja og að honum látnum ekkju hans, stefndu í máli þessu, þar til hún giftist að nýju. Þau hjónin bjuggu síðan á jörðinni sem leiguliðar þar til árið 1942, en það ár fluttust þau að Nikhóli, vegna þess að íveruhús í Holti voru komin að falli og ekki lengur íbúðarhæf. Þetta ár lézt Þorsteinn Einarsson, en stefnda hélt áfram að nytja jörðina Holt, svo sem þau hjón höfðu áður gert, greiddi af henni landsskuld og leigur og hélt uppi lögskilum af jörðinni.

Hefur eitt vitni, Eyjólfur Guðmundsson, bóndi á Hvoli, sem er málavöxtum kunnugur, borið það, að umboðsstjórn þjóðjarða hafi leyft Þorsteini og síðar ekkju hans ábúð jarðarinnar Holts áfram, eftir að þau höfðu flutzt af jörðinni. Hinn 20. október 1947 voru öll jarðarhús á Holti virt til niðurrifs á kr. 1127.00 af úttektarmönnum hreppsins og seld stefndu. Var greiðsla andvirðisins send Dómsmálaráðuneytinu með bréfi sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dagsettu 13. júní 1949, ásamt endurriti af virðingargerðinni. Verður ekki séð, að ráðuneytið hafi hreyft neinum atugasemdum við þessari ráðstöfun á jarðarhúsunum.

Með símskeyti, dagsettu 12. desember 1952, fól Dómsmálaráðuneytið hreppstjóra Dyrhólahrepps að birta stefndu útbyggingu af ríkisjörðinni Holti í tæka tíð, og útbyggingarsök talin vera, að stefnda hefði ekki fullnægt ákvæðum ábúðarlaga um búsetu á jörðinni og notkun hennar. Með símskeyti, dagsettu næsta dag, 13. desember 1952, til hreppstjórans ánýjar Dómsmálaráðuneytið beiðni sína í hinu fyrra skeyti og segir, að útbyggingin eigi að gilda frá næstu fardögum að telja. Í bréfi, dagsettu 17. desember 1952, til hreppstjórans í Dyrhólahreppi mótmælti stefnda útbyggingunni sem ólögmætri og fól hreppstjóranum að koma þessum

mótmælum áleiðis til rétttra aðilja, og gerði hann það. Það verður ekki séð, að Dómsmálaráðuneytið hafi svarað mótmælum stefndu. Vorið 1953 lét stefnda hefja venjuleg vorverk á Holti, svo sem bera á tún, lagfæra girðingar og vinna nokkuð að túnrækt og áveitum. Og í júlí sama ár lét hún hefja slátt á túni jarðarinnar, en daginn eftir að slátturinn var byrjaður, hóf maður að nafni Jóhann Eiríksson á Felli einnig slátt á túninu. Stefnda kærði yfir þessu til hreppstjórans í Dyrhólahreppi með bréfi, dagsettu 20. júlí 1953, og átti hreppstjórinn sama dag tal við Jóhann, og tjáði Jóhann honum þá, að hann hefði byggingu fyrir jörðinni frá fardögum 1953. Í vottorði hreppstjórans, sem fyrir liggur í málinu, segir, að ekki sé vitað, að Jóhann þessi hafi unnið nokkurt handtak í Holti, fyrr en hann byrjaði sláttinn, og ekki hafi farið fram úttekt á jörðinni eða afhending kúgilda, svo sem venja sé, þegar ábúendaskipti verða.

Hinn 22. júlí 1953 var í fúgetarétti Skaftafellssýslu að kröfu landbúnaðarráðherra lagt lögbann við því, að stefnda eða fólk á hennar vegum nytjaði jörðina Holt, sérstaklega í þá átt að afla heyja á landi jarðarinnar eða flytja á brott það hey, sem þegar hafði verið aflað.

Höfðaði stefnandi síðan mál þetta og hefur gert þær dómkröfur, að framangreind lögbannsgerð verði staðfest og viðurkennt verði lögmæti framangreindrar útbyggingar stefndu af jörðinni Holti í Dyrhólahreppi.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu, þar með talins kostnaðar við lögbannsgerðina.

Stefnda hefur krafizt þess, að lögbannsgerðin verði felld úr gildi og útbygging stefnanda dæmd ólögmæt. Þá hefur stefnda krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómars.

Stefnandi reisir í fyrsta lagi dómkröfur sínar á því, að réttur stefndu og eiginmanns hennar, Þorsteins, til ábúðar á jörðinni Holti hafi fallið niður, um leið og þau fluttust af jörðinni. Telur hann, að vernd sú, er ábúðarlögin og byggingarbréfið veiti að þessu leyti, sé tvímælalaust bundin við búsetu á jörðinni. Hafi honum því, hvenær sem var, eftir að flutt hafi verið af jörðinni, verið heimilt að segja upp ábúðinni með löglegum fyrirvara. Þá heldur stefnandi því fram, að jörðin hafi ekki verið nytjuð að öðru leyti en því, að heimatún hennar hafi verið slegið. Jörðin hafi því níðzt niður og komizt í órækt, á sama tíma og stórfelldar jarðabætur hafi átt sér stað um land allt. Af þessum ástæðum hafi og verið sjálfsagt að segja stefndu upp afnotum jarðarinnar.

Hefur stefnandi einkum vísað til 19. og 25. gr. ábúðarlaganna máli sínu til stuðnings.

Stefnda reisir hins vegar sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að búseta á leigujörð sé ekki nauðsynlegt skilyrði til þess að njóta ábúðar á henni og vísar í því efni til ákvæða 11. og 31. gr. ábúðarlaga nr. 8/1951. Þau hjónin hafi neyðzt til að flytjast af jörðinni, þar eð íveruhús hennar hafi ekki verið íbúðarhæf og stefnandi hafi ekki viljað endurbyggja þau, enda hafi hann og samþykkt brottflutninginn.

Þá hefur stefnda mótmælt því, að jörðin hafi níðzt niður í ábúð hennar. Kveðst hún árlega hafa borið á tún jarðarinnar, annazt áveitur á slægjulönd hennar og viðhald girðinga. Töðufall hafi verið um hundrað hestburðir, er þau hjónin fluttust af jörðinni, en síðast, er túnið hafi verið nytjað, hafi töðufallið verið nokkuð á annað hundrað hestburðir. Á veturna hafi hún haft sauðfé á jörðinni, stundum allt að 150 fjár. Jörðin hafi þannig verið nytjuð að mestu með venjulegum hætti að öðru en búsetu.

Gegn mótmælum stefndu er ósannað, að landsnyttjar umræddrar jarðar hafi rýrnað við afnot hennar af jörðinni.

Eftir málsatvikum, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir sýnt, að stefnda og eiginmaður hennar hættu búsetu á oftnefndri jörð árið 1942 af þeim sökum, að íveruhús jarðarinnar voru þá orðin svo úr sér gengin, að þau voru ekki íbúðarhæf. Eitt vitni hefur, svo sem áður segir, borið það, að Þorsteinn, eiginmaður stefndu, hafi flutzt frá Holti 1942, en haft ábúð jarðarinnar áfram með samþykki umboðsstjórnar þjóðjarða. Og ljóst er, að stefnanda hlaut að vera kunnugt um það, hvernig málum var háttað að þessu leyti, er hús jarðarinnar voru virt og seld stefndu til niðurrifs árið 1947.

Að þessu athuguðu þykir stefndu ekki verða gefið að sök, að hún hefur ekki haft búsetu á jörðinni, en hún hefur tjáð sig fúsa til að flytjast á jörðina aftur, verði byggt upp á henni að nýju. Samkvæmt þessu verður ekki séð, að stefnda hafi fyrirgert rétti sínum til ábúðar jarðarinnar, og verða því úrslit málsins þau, að framangreind lögbannsgerð verður felld úr gildi og stefnda sýknuð af kröfu stefnanda um viðurkenningu lögmætis útbyggingar stefndu af jörðinni.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind lögbanngerð er felld úr gildi.

Stefnda, Jóhanna Sæmundsdóttir, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins, um viðurkenningu lögmætis útbyggingar stefndu af jörðinni Holti í Dyrhólahreppi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. maí 1956.

Nr. 5/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Hallgrími Péturssyni persónulega

og f. h. sonar hans,

Péturs Sævars, og Friðbirni Friðbjarnarsyni

f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur

og gagnsök (Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1956. Krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjenda, að hver aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 13. janúar 1956. Krefst gagnáfrýjandinn Hallgrímur þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum persónulega kr. 50.302.00 og kr. 54.384.00 f. h. sonar hans, Péturs Sævars. Gagnáfrýjandinn Friðbjörn krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 46.967.00. Þá krefjast gagnáfrýjendur